

**Sp.**

**765. Þingsályktun**

**[143. mál]**

um Flóa- og Skeiðaáveiturnar.

(Afgreidd frá Sp. 4. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 3 manna nefnd til þess að athuga gildandi lagaákvæði um Flóa- og Skeiðaáveiturnar og gera tillögur til breytinga á þeim, ef nauðsynlegt þykir, til tryggingar því, að mannvirki þessi komi að fullum notum, miðað við þær breytingar, sem orðið hafa síðan lögin voru sett, enda fari samtímis fram athugun á öllu ásigkomulagi áveitnanna. Skal nefndin skipuð þannig: Einn samkvæmt sameiginlegri tillögu frá stjórnnum áveitnanna, einn samkvæmt tillögu frá Búnaðarfélagi Íslands og einn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skal hafa lokið störfum og skilað tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. sept. n. k.